

Ed.

62. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36 19. maí 1930, um vigt á sild.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Öll sild, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess.

Til seljenda teljast allir þeir, sem taka laun sín eða hluta þeirra sem aflahlut eða uppbót (premiu), er miðast við afla.

Hver bræðsluverksmiðja skal jafnan hafa tiltækar hæfar sildarvogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem sildin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af sild, og telst það verðeining.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Þar, sem sild er mæld eða vegin samkv. 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga mælingarmenn, sem annast mælingu eða vigtun á sildinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Mælingarmenn sjá um, að mæliker þau eða vogir, sem notuð eru, séu löggilt og skoðuð árlega, áður en byrjað er að nota þau.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögglumál.

Brot gegn lögnum varða sektum, frá 300–30000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á undanförunum þingum, en ekki náð fram að ganga. Hinsvegar er full nauðsyn á, að þessi lagabreyting dragist ekki lengur, þar sem all flestar sildarbræðslustöðvar hafa nú þegar viðurkennt réttmæti þess að vega sildina. Er það aðferð, sem enginn véfengir og allir hlutaðeigendur eru ánægðir með. Aftur eru aðrar sildarbræðslustöðvar, sem ekki hafa enn fengizt til að vega sildina, og vekur það óánægju allra þeirra, er hagsmuna eiga að gæta sem hluthafar í sild þeirri, er aflast og lögð er á land til vinnslu í verksmiðjur.

Nánar í framsögu.